Málsnúmer 2302245

Yfirlýsing um kvöð á fasteign

Leikfélagi Kópavogs, kt. 700670-0749 er óheimilt að selja eða veðsetja fasteignina Funalind 2, Kópavogi, fasteignanr. F2226993 nema með leyfi bæjarráðs Kópavogs.

Kvöð þessari er þinglýst á fasteignina. Óheimilt er að þinglýsa hvers konar löggerningum á fasteignina sem fara í bága við yfirlýsingu þessa. Verði löggerningi þinglýst á ofangreinda eign í trássi við yfirlýsingu þessa, skulu þeir afmáðir úr þinglýsingarbókum að kröfu Kópavogsbæjar.

Kvöð þessari verður ekki aflýst nema fyrir liggi skiflegt samþykki Kópavogsbæjar um að aflýsa megi kvöðinni

Verði leikfélag Kópavogs lagt niður er til staðar samkomulag á milli Leikfélags Kópavogs og Kópavogsbæjar dags. 30. maí 2023 um að ofangreind fasteign að Funalind 2 renni til Kópavogsbæjar.

Kópavogur, 30. maí 2023

F.h. Kópavogsbæjar

_____
Ása. A. Kristjánsdóttir
bæjarlögmaður Kópavogs

f.h. Leikfélags Kópavogs

_____
Sigurður Kristinn Sigurðsson
formaður

Vottar að réttri dagsetningu, undirritun og fjárræði aðila:

_____ _____

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Leikfélag Kópavogs, kt. 700670-0749 og Kópavogsbær, kt. 700169-3759 gera með sér eftirfarandi

samkomulag

Komi til þess að stjórn leikfélags Kópavogs ákveði á löglega boðuðum stjórnarfundi að leggja starfsemi félagsins niður mun fasteign leikfélagsins að Funalind 2, Kópavogi (fasteignanr. F2226993) renna til Kópavogsbæjar.

Ráðstöfun þessi byggir á fyrri samkomulögum milli samningsaðila um að Kópavogsbær greiði afborganir veðskuldabréfs vegna kaupa leikfélagsins á Funalind 2, útgefið 20. júlí 2007, upphaflega að fjárhæð kr. 48.000.000 .

Kópavogsbær skuldbindur sig jafnframt til þess að halda áfram að greiða afborganir veðskuldabréfsins þar til það er uppgreitt.

Kópavogur, 30. maí 2023

F.h. Kópavogsbæjar

_____

Ása. A. Kristjánsdóttir
bæjarlögmaður Kópavogs

f.h. Leikfélags Kópavogs

_____

Sigurður Kristinn Sigurðsson
formaður

Vottar að réttri dagsetningu, undirritun og fjárræði aðila:

_____ _____

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026